

**Ed. 151. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
<b>1. gr.</b>			
Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:			
1. Nr. 2 í 13. kafla orðist svo: 2 — gúmmi arabikum .....	—	7	8
2. Nr. 2 í 15. kafla orðist svo: 2 — tólg .....	—	2	8
3. Í stað orðanna „ekki yfir 15 kg.“ í 20. lið 15. kafla komi: allt að 3 kg.			
4. Nr. 24 í 15. kafla orðist svo: 24 — glyserin .....	—	7	8

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
5. Orðin „einnig tilbúið“ í 26. lið 15. kafla falli niður.			
6. Nr. 9—13 í 27. kafla orðist svo: <b>Oliur og önnur efni eimd úr háhitatjöru og hydrerað fenól, kresól og naftalín:</b>			
9 — benzól .....	—	7	8
10 — fenól .....	—	7	8
11 — kresól .....	—	7	8
12 — naftalín .....	—	7	8
13 — annað .....	—	7	8
7. Í stað orðanna „allt að 15 kg.“ í 21. lið 27. kafla komi: allt að 3 kg.			
8. Orðið „jóð“ í byrjun 1. liðs 28. kafla falli niður, en á eftir orðunum „svo og með klór“ síðar í liðnum komi orðin: og jóði.			
9. Við nr. 3—5 í 28. kafla komi svo hljóðandi athugasemd: Af hylkjum utan um gastegundir, sem taldar eru í nr. 3—5, skal ekki greiða verðtoll, ef hylkin eru lánuð eða leigð hingað til lands og endursend aftur að notkun lokinni, enda fylgist tollyfirvöldin með því, að hylkin séu endursend.			
10. Nr. 32 í 28. kafla orðist svo: 32 — blönduð sölt í gosdrykki, sjúkrasölt og þvilikar saltblöndur, ætlaðar til sjúkrafæðu, aðrar en Karlsbadsalt og Emsersalt, náttúrleg og tilbúin .....	—	7	30
11. Nr. 37 í 28. kafla orðist svo: 37 — klórkalsíum og klórmagnesíum .....	—	2	
12. Nr. 43 í 28. kafla orðist svo: 43 — brennisteinskolefni, tetraklórcolefni, triklórethylen o. þ. h. fljótandi klórsambönd, önnur en klóróform .....	—	7	8
13. Nr. 53 í 28. kafla orðist svo: 53 — ethyleter .....	—	7	
14. Við nr. 5 í 29. kafla komi svo hljóðandi athugasemd: Af kvikmyndafilmum skal ekki greiða verðtoll, ef þær eru lánaðar eða leigðar hingað til lands og endursendar aftur að notkun lokinni, enda fylgist tollyfirvöldin með því, að kvikmyndafilmurnar séu endursendar.			
15. Í stað 6. liðs 34. kafla komi: <b>Flugeldar og flugeldaefni:</b>			
6 — eldflugur (rakettur) .....	—	7	30
6 a — annað .....	—	120	90
16. Á eftir nr. 19 í 39. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi: 19 a — botnrúllur („bobbingar“) .....	—	2	2
17. Nr. 4 í 40. kafla orðist svo: 4 — þilfarsplankar ófasaðir og fasaðir úr oregonpine og pitchpine 3 × 5" .....			tollfrjálsir.
18. Nr. 10 í 40. kafla orðist svo: 10 — birki og hlynur .....	—	10	8
19. Nr. 11 í 44. kafla orðist svo: 11 Dagblaðapappír .....	—		2
Athugasemd: Dagblaðapappír telst sá pappír, sem vegur frá 45—65 gr. hver fermetri og í er að minnsta kosti 60% af tréslípmassa.			
20. Nr. 14 í 44. kafla orðist svo: 14 Skrifpappír, prentpappír, ót. a., og kópiupappír .....			8

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
21. Nr. 17 í 44. kafla orðist svo: 17 Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, sem vegur 40—75 g. m <sup>2</sup> . . . . .			8
22. Nr. 21 í 44. kafla orðist svo: 21 Skrautpappír, svo sem glanspappír, gyltur pappír, silfr- aður pappír og annar pappír borinn bronsi . . . . .	—	7	50
23. Nr. 3 í 50. kafla orðist svo: 3 — cellulósavatt . . . . .	—	7	8
24. Nr. 32 í 50. kafla orðist svo: 32 — vaxdúkur og leðurlíkisdúkur . . . . .	—	7	30
25. Á eftir nr. 39 í 63. kafla komi nýtt nr.: 39 a — reimlásar . . . . .	—	7	8
26. Nr. 6 og 7 í 64. kafla orðist svo: 6 — vatnslásar . . . . . 7 — annað . . . . .	—	2	8
27. Nr. 4 í 66. kafla orðist svo: 4 Pípur og pípuhlutar . . . . .	—	7	8
28. Nr. 14 í 71. kafla orðist svo: 14 Myndamót (clichéer), þar með talin mót til mynd- mótagerðar (matrix) . . . . . Af myndamótum (clichéer) skal ekki greiða verðtoll, ef þau eru lánuð eða leigð hingað til lands og endursend aftur að notkun lokinni, enda fylgist tollyfirvöldin með því, að þau séu endursend.	—	7	8

### 2. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, er hljóðar svo:  
Þetta gildir þó ekki um ósundurliðaðan flutningskostnað fyrir sundurleitar vörur, ef viðtakandi hefur afhent til tollmeðferðar vörureikning, sem að minnsta kosti tilgreinir verð hvernar einstakrar hinna sundurleitu vara á innkaupsstað, en þá skal skipta hinum ósundurliðaða flutningskostnaði niður á hverja einstaka vöru í sendingunni eftir hlutfalli því, sem er á milli innkaupsverðs varanna innbyrðis.

### 3. gr.

- Við nr. 2 í skránni í 18. gr. laganna komi svo hljóðandi athugasemd:  
Undir númerið kemur einnig stapeltrefjavefnaður.
- Við nr. 3 í skránni í sömu lagagr. komi svo hljóðandi athugasemd:  
Undir númerið koma einnig karlmannafataefni blönduð öðrum spunaefnum, ef fyrir liggja fullar sannanir um, að í þeim sé a. m. k. 93% hrein ull.
- Aftan við sömu lagagr. bætist ný málsgrein, er hljóðar svo:  
Þá skulu, meðan fyrrnefndur samningur er í gildi, prjónavoð úr baðmull og garn það, sem fellur undir nr. 5 í 46. kafla B, tollast með 20 auro vörumagnstolli og 15% verðtoll, og svitaskinn í húfur og húfuskyggni úr kátsjúk tollast með 7 auro vörumagnstolli og 15% verðtoll.

### Greinargerð.

Fjárhagsnefnd efri deildar flytur frumvarp þetta samkvæmt beiðni fjármálaráðherra, en nefndarmenn áskilja sér þó óbundin atkvæði. Einn nefndarmanna (EriD) var ekki á fundi, þegar málið var afgreitt.

Frumvarpinu fylgdi svolátandi greinargerð:  
Fjármálaráðuneytið hefur í samráði við millipinganefnd í skatta- og tollamálum tekið til athugunar ýmis atriði tollskrárlaganna, sem framkvæmd laganna hefur sýnt, að voru gölluð eða óheppileg.

Mestrar óánægju hefur gætt meðal almennings og innflytjenda vegna mismunar á tolli af vörum, sem féllu undir brezka viðskiptasamkomulagið frá 1933, og svipuðum vörum, sem báru háan verðtoll, t. d. ýmsum vefnaðarvörum.

Ráðuneytið og nefndin hafa að athugininni lokinni samið frumvarp þetta.

Er hér á eftir gerð grein fyrir sérhverju atriði, sem lagt er til, að breytt verði.

#### Um 1. gr.

1. Lagt er til, að verðtollur sé lækkaður í 8%. Er það gert samkvæmt tillögu frá Lyfjaverzlun ríkisins.
2. Flutt er til landsins talsvert af hreinsaðri tólg (premier jus), sem notuð er til smjörlikisgerðar í stað hertrar hvalfeiti, sem nú er ekki fáanleg. Þykir því rétt að leggja til, að tollur á tólg sé ákveðinn hinn sami og á hertri hvalfeiti.
3. Beiðni um breytingu þessa hefur komið frá Lyfjaverzlun ríkisins. Er hún rökstudd með því, að lyfjabúðir flytji ýmsar olíur og feiti í lyf til landsins í umbúðum, sem vega undir 15 kg., en 3 kg. takmarkið nái þó til venjulegra smásöluumbúða. Breyting þessi er einnig í samræmi við þá breytingu, sem lagt er til, að gerð sé á 21. lið 27. kafla (sbr. nr. 7).
4. Glyserin er mikið notað í lyf og í sjúkrahúsum, og þykir því rétt að lækka verðtoll á því í 8%.
5. Orðunum er ofaukið, þar eð öll tilbúin vöx koma undir nr. 23 í 27. kafla.
6. Aðeins formbreyting á upptalningu. Gerð vegna þess, að eins og orðalag þessara liða er nú, þykir erfitt að skilja milli sumra efnanna í framkvæmd.
7. Það hefur komið í ljós, að á síðastl. ári hafa verið fluttar til landsins smurningsolíur í umbúðum, sem vega allt niður í 3½ kg. Þessar olíur eru að langmestu leyti notaðar á háta- og skipavélar, eins og smurningsolíur þær, sem taldar eru í nr. 18 í 27. kafla. Þykir af þessum ástæðum rétt að færa marknið niður í 3 kg., þar eð slíkt raskar ekki verulega upphaflegum tilgangi ákvæðisins, sem var sá, að goldinn væri lægri tollur af þessum vörum, þegar þær væru fluttar inn í smásöluumbúðum og því oft seldar með meiri álagningu en ella.
8. Joð er eitt af nauðsynlegustu lyfjum og naumast notað í öðrum tilgangi hérlendis. Því er lagt til, að það verði felld hér niður og teljist eftirleiðis til lyfja.
9. Þetta er í samræmi við gildandi venju, áður en tollskrárlögin tóku gildi, og er eðlilegt, að sú venja haldist, enda vandkvæði á því að ákveða verðtoll, þegar um lán eða leigu er að ræða.
10. Lagt er til, að undan verði skilin Karlsbadsalt og Emsersalt, náttúrleg og tilbúin, þar eð þau teljast til nauðsynlegustu lyfja.
11. Klórmagnesium fellur nú undir nr. 39 í 28. kafla og ber því 30% verðtoll. Hins vegar er vara þessi mikið notuð í steinsteypu og þykir því á henni óeðlilega hár tollur, þar eð hún fyrir gildistöku tollskrárlaganna bar mun lægri toll.
12. Klóróform er eitt af nauðsynlegustu lyfjum, og þykir því rétt að undanskilja það hér og telja það til lyfja.
13. Ethyleter er eitt af allra nauðsynlegustu efnum, sem notuð eru til lyfja. Þykir sjálfsagt, að sami tollur sé á honum og nauðsynlegustu lyfjum.
14. Það var venja fyrir gildistöku tollskrárlaganna að heimta ekki verðtoll af kvikmyndafilmum, sem voru lánaðar eða leigðar hingað til lands. Því er lagt til, að einungis verði heimtur vörumagnstollur af þessari vöru, eins og tíðkæpt hefur.
15. Eldflugur (rakettur) eru mikið notaðar til neyðarmerkjasendinga á skipum og bátum, og þykir því rétt að leggja til, að tollur verði lækkaður á þeirri vöru yfirleitt, þar eð óframkvæmanlegt er að gera mun á þeim eldflugum, sem ætla má, að notaðar verði sem björgunartæki, og öðrum eldflugum.
16. Botnrúllur úr kátsjúk hafa ekki verið fluttar hingað til lands, fyrr en eftir að tollskrárlögin voru sett, og var því að sjálfsögðu ekki ákveðinn sérstakur tollur á þeirri vöru, er tollskrárfumvarpið var samið. Þykir rétt að leggja til, að sami tollur verði á botnrúllum úr kátsjúk eins og á botnrúllum úr tré og járn.

17. Til landsins eru fluttir ófasaðir þilfarsplankar, sem notaðir eru með sama hætti og fasaðir þilfarsplankar. Er lagt til, að hvort tveggja verði tollfrjálst.
18. Hlynur er notaður mjög á sama hátt og birki, og þykir því rétt, að sami tollur sé á þessum tveimur viðartegundum.
19. Þegar tollskrárlögin voru sett, var til þess ætlazt, að undir nr. 11 í 44. kafla kæmi pappír sá, sem notaður er einkum í dag- og vikublöðin. Orðalagið á liðnum er ekki alveg nógu nákvæmt til þess að þetta geti orðið, þar sem sumt af blaða-pappírnum er lítið eitt límborið eða gljád. Þykir því rétt að leggja til, að orðalagi- nu verði breytt í samræmi við tollskrárfrumvarp Þjóðabandalagsins og þyngd pappírsins nákvæmlega tiltekin.
20. Orðalagsbreyting, sem m. a. leiðir af þeirri breytingu, sem lagt er til, að gerð verði á 11. nr. kaflans.
21. Hvítur pergamentpappír, sem vegur 40–75 g m<sup>2</sup>, er notaður til umbúða um smjör og smjörlíki og því sanngjarnt, að ekki sé á honum hærri tollur en á venju- legum smjörpappír.
22. Reynslan hefur sýnt, að heppilegast er að takmarka liðinn við þær vörur, sem ótvírætt geta talizt skrautpappír.
23. Cellulósavatt er mikið notað í sáraumbúðir, og þykir rétt að leggja til, að á því sé sami tollur og þeim.
24. Leðurlíkisdúkur kemur nú undir nr. 35 í 50. kafla. Þessi vara er mikið notuð til ýmiss konar iðnaðar, og þykir rétt, að sami tollur sé á henni og vaxdúk, sem er hliðstæð vara.
25. Samkvæmt tollskrárlögunum er nú 30% verðtollur á reimlásum, þar sem þeir falla undir nr. 104 í 63. kafla tollskrárinnar. Með hliðsjón af tolli á vélareimum er lagt til, að verðtollurinn sé lækkaður í 8%.
26. Lagt er til, að tollur á þessum vörum sé lækkaður til samræmis við sams konar vörur úr járn og stáli.
27. Vísast til greinargerðar við nr. 26. Auk þess má benda á, að aluminiumpípur eru notaðar í amboð.
28. Flutt hafa verið inn mót til myndamótagerðar, svonefnd matrix, úr léttum pappa, og mun þetta gert til þess að spara flutningsgjald á myndamótum, sem eru miklu fyrirferðarmeiri og þyngri en pappamótin. Pappamót þessi tollast undir nr. 9 í 44. kafla, en það þykir ekki rétt, að þau verði framvegis tolluð hærra en mynda- mót.

Um undanþágu frá verðtoll af myndamótum, sem lánuð eru eða leigð hingað til lands og endursend eru að notkun lokinni, er sama að segja sem um undan- þágu frá verðtoll af kvikmyndafilmum, sem leigðar eru hingað og endursendar aftur, sbr. nr. 14.

#### Um 2. gr.

Nauðsynlegt er að setja ákvæði um þetta efni, því að reglan í 12. gr. getur komið nokkuð hart niður, ef um er að ræða ósundurliðaðan flutningskostnað fyrir sundur- leitar vörur.

#### Við 3. gr.

Stapeltrefjavefnaður er að uppruna mjög skyldur gervisilkivefnaði, og þykir því sanngjarnt, að þessar tvær vefnaðarvörutegundir séu tollaðar á sama hátt.

Það er algengt, að í karlmannafataefnum, sem eru mestmegnis úr ull, séu til skrauts einstakir þræðir úr þaðmull og gervisilki, en þar eð ekki þykir sanngjarnt að láta fataefnin fara í hærri toll fyrir þetta eitt, er lagt til, að þau verði tolluð á sama hátt og alullarefni. Í erlendum tollögum eru dæmi fyrir þessu, og er þar miðað við 7%, eins og hér er ætlazt til, að gert verði.

Prjónavoð úr þaðmull og garn úr gervisilki er hvort tveggja notað í nærföt, sem gerð eru hér á landi. Sams konar nærföt, sem flutt eru til landsins, koma undir ákvæði enska samningsins og bera 15% verðtoll. Þykir því sanngjarnt að mæla með því, að tollur verði lækkaður á prjónavoðinni og garninu.

Um svitaskinn og húfuskyggni gegnir sama máli. Þær vörur eru notaðar til fram- leiðslu á svonefndum enskum húfum, og bera þessar vörur nokkru hærri toll en aðfluttar enskar húfur, sem falla undir enska samninginn.